

EFTIRLITSSKÝRSLA

Dagsetning	22.11.2011	Fulltrúi UST	Gísli Jónsson
Fyrirtæki	Hólalax hf.	Starfsleyfi, gildir til	1. maí 2019
Heimilisfang	Hólum, Hjaltadal	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	601279-0299	Fulltrúar fyrirtækis	Friðrik Steinsson og Ásmundur Baldvinsson
Isat nr.		Staðsetning starfstöðvar	(hnit)
Starfsemi	Fiskeldi, 500t bleikja +1.000.000 seiði		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit. Tvær athugasemdir voru gerðar, annarsvegar varðandi hreinsun frárennslis sbr. gr. 2.2 í starfsleyfi og hinsvegar varðandi samráðsfundi sem rekstraraðili skal boða til á fjögurra ára fresti.

UMFANG EFTIRLITS

Skoðun á nýjum eldiskerjum og hvirfilsskiljum

Frárennislækur skoðaður en ekki settjarnir

Farið yfir hreinsikröfur á frárennslí í starfsleyfi

Rætt um vöktunarmælingar



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Engin frávik komu fram við eftirlit.

Athugasemd 1:

Rætt var um kröfur um hreinsun frárennslis í starfsleyfi. Í grein 2.2 segir að frárennslid skuli vera leitt í gegnum tromlusíu áður en því er veitt í settjarnir. Það hafði áður komið fram í eftirliti að það hefði verið upphaflega planið þegar stækka átti stöðina sem ekki var byrjað fyrr en á síðasta ári. Einnig var rætt um áræðanleika mælinga og bent á að óvissa um rennslismagn getur haft áhrif á hvort mengunarmælinga sýnað stöðin uppfylla losunarmörk. Hingað til hefur rennslid verið áætlað út frá dælingu auk þess sem leki úr settjörnum og innrennslu úr læk í neðri settjörnum, en allt þetta skapar óvissu um hvort losunarmörkin séu uppfyllt. Niðurstöður mælingar árin 2008 til 2011 sýna að stöðin uppfyllir losunarmörk sbr. gr. 2.4 í starfsleyfi.

Útreiknuð losun	Útreiknuð losun Hólalax desember 2010	Mæling [mg/l]	Rennslu [L/s]	Losun [kg/dag]	Framleiðsla bleikju [kg/dag]	Losun [kg/framleitt tonn]
Frárennslu frá eldistöð	Heildar köfnunarefni, fyrir settjarnir	0,83	210	15,1	263	57,3
	Heildar köfnunarefni, eftir settjarnir	0,65	210	11,8	263	44,8
Frárennslu frá seinni settjörn	Heildar fosfór, fyrir settjarnir	0,087	210	1,6	263	6,0
	Heildar fosfór, eftir settjarnir	0,095	210	1,7	263	6,6

Útreiknuð losun	Útreiknuð losun Hólalax nóvember 2011	Mæling [mg/l]	Rennslu [L/s]	Losun [kg/dag]	Framleiðsla bleikju [kg/dag]	Losun [kg/framleitt tonn]
Frárennslu frá eldistöð	Heildar köfnunarefni, fyrir settjarnir	0,83	220	15,8	252	62,6
	Heildar köfnunarefni, eftir settjarnir	0,65	220	12,4	252	49,0
Frárennslu frá seinni settjörn	Heildar fosfór, fyrir settjarnir	0,087	220	1,7	252	6,6
	Heildar fosfór, eftir settjarnir	0,095	220	1,8	252	7,2

Mörkin fyrir losun á köfnunarefni er 60 kg N/framleitt tonn af eldisfisk og fyrir fosfór eru það 7 kg P/framleitt tonn. Eins og sjá má á töflunum er losun köfnunarefnis vel undir mörkum en fyrir fosfór er það við mörkin þó innan skekkjumarka þó losunin mælist 7,2 kg P/framleitt tonn árið 2011.

Athugasemd 2:

Bent var á að fyrirtækið skal á fjögurra ára fresti boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi heilbrigðisnefnda á samráðsfund sbr. gr. 4.2 í starfsleyfi. Þar á að ræða rekstur stöðvarinnar og ef þurfa þykir endurskoðun starfsleyfis, vöktunaráætlunar eða önnur atriði er kunna koma upp og fulltrúar áður nefndra aðila telja ástæðu til að ræða.

Önnur atriði:

Búið er að setja upp fjögur ný stór ker með hvírfilskilju hreinsibúnaði og níu minni ker án viðbótar hreinsibúnaðar. Frárennslid frá þeim öllum fer svo í saman við annað frárennslu frá stöðinni í skurð sem rennur út í tvær stórar raðtengdar settjarnir. Óhreini vatnsstraumurinn frá hvírfilskiljunum rennur í stóra plastþró sem verður tæmd reglulega.



Ekki var búið að senda niðurstöður vöktunarmælinga til Umhverfisstofnunar. Þær voru afhentar í eftirlitinu. Það vantaði tölur um rennsli og framleiðslumagn daginn sem mælingin fór fram.

Frárennsli stöðvarinnar rennur í skurð í átt að settjörnunum. Frárennslið var skoðað í þessum læk og ekkert athugavert fannst við þá skoðun.

Reykjavík, 29/12/2011

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

